

## Fundur í Háskólaráði

Dags. 22.02.2022

Staður og tími: Teams kl. 10:00

Málsnúmer:

**Fulltrúar HB:** Margrét Jónsdóttir Njarðvík, Halldóra Lóa Þorvaldsdóttir, Jóhanna Marín Óskarsdóttir, Vignir Már Sigurjónsson, Sævar Ari Finnbogason, Margrét Vagnsdóttir, Arney Einarsdóttir, Kári Joensen

**Fulltrúar nemenda:** Hlynur Finnbogason, Erla Björg Eyjólfssdóttir, Egill Örn Rafnarson, Júlíus Andri Þórðarson

**Áheyrnaraðilar:** Hafsteinn Sæmundsson, Lydía Geirsdóttir, Helga Guðrún Jónasdóttir og Njörður Sigurjónsson, Lydia Geirsdóttir

**Fjarverandi:** Helga Kristin Auðunsdóttir, Einar Svansson, Kara Friðriksdóttir

Dagskrá:

1. Fundargerð síðasta fundar 15.12.21
  - Samþykkt
2. Fjármál
  - Margrét Vagnsdóttir fór yfir niðurstöður ársreiknings 2021. Rekstur skólans er jákvæður og munar um fleiri nemendur í skólann auk greiðslna frá ríkinu vegna aukins nemendafjölda í Covid. Kostnaður hefur einnig aukist vegna fjölgunnar starfa og meira viðhalds.
  - Markmiðið er að greiða niður langtímaskuldir og var það gert á síðasta ári og áfram verður haldið á þeirri braut.
  - Til máls tóku, AE, MV, MJN
3. Erindi frá nemendum
  - Það hefur verið rólegt yfir öllu og nemendur heilt yfir ánægðir
  - Erla Björg sagði stuttlega frá jafnréttisdögum, panillinn og málstofan gengu bæði vonum fram
  - Spenningur fyrir vinnuhelgunum sem fram undan eru
  - Mætti vera meiri samræming á milli námskeiða hvernig hlutir eru unnir, hvernig erindum er svarað, kennsluáætlanir settar upp og námsmat og fleira. Kvartanir, athugasemdir og ábendingar sem berast inn til kennslusviðs og koma í gegnum deildarfulltrúa þurfa að fá formlegri afgreiðslu til að þeir geti upplýst nemendur betur.
  - Til máls tóku. EÖR, EBE, HLP, HF, AE, EBE, HLP, SAF, JAP, MJN, HF, AE
4. Skýrsla rektors
  - Rektor fór á fund með nýjum ráðherra háskólamála og gekk vel
  - Mikið hefur verið unnið í viðhaldi innanhúss síðustu misseri og ný vinnuaðstaða í hreinsun að líta dagsins ljós



- HR, HB og LHI eru samningslausir og verið er að vinna að því að fá samning til lengri tíma.
  - Nýsköpunar og þróunarsetur hefur verið sett á fót með LBHÍ, Borgarbyggð og SSV
  - Mikil tækifæri fyrir HB þegar horft er til stjórnarsáttmálans, t.d. í formi sjálbærni og tækniþróunar í kennsluháttum
  - Mikið framundan í alþjóðamálum en 4 hópar allstaðar að verða hér á campus í sumar
  - Verið er að fara yfir alla samninga sem snúa að skiptinimum og meiri áhersla verður á skiptinám í fjarnámi
  - Verið er að endurskoða hlutverk bókasafnsins með tilliti til stóraukinna rafrænna útlána
  - Vinnuhelgar verða að staðlotum og það verður meiri fjölbreyttni í útfærslum á staðlotunum. Nemendafélag fær fjármagn frá skólanum til að vera með skemmtilega dagskrá í staðlotum. Veitingar verða aðgengilegar fyrir nemendur og kennara og að það eru ákveðinir aðilar sem munu halda utan um viðburðina.
  - Verið að auglýsa þrjár stöður í félagsvísindadeild og eina í viðskiptadeild.
  - Húsnæði í Reykjavík orðið fallett en hurðalaust
  - Nefnd að störfum vegna háskólagáttar og endurskoðun á henni.
  - Verið að auka hvata til kennara til að sækja um erlenda sjóði.
  - Til máls tóku: SAF, HF, JAP
5. Önnur mál
- Kennslustjóri kynnti dagskrá skólaársins 2022-2023
  - SAF vakti athyggir á stofnun nýs fjarnámsháskóla á Austurlandi

Fundi slitið kl. 11.25

Fundarritari: Halldóra Lóa Þorvaldsdóttir